

# LISK1AÚ02S

## Námsáætlun haustönn 2021



Verkmenntaskólinn á Akureyri

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
fyrri lota vika 34-42	heimsóknir út í bæ og skrifleg verkefni, sjálfstæð vinna með vatnsliti/skissubók, samræður um námsefnið, miðannarmat og vetrarleyfi er í viku 42	engin heimavinna	krossapróf 1 10% fyrri skil á skrifl. verkefnum í viku 41 10% fyrri skil á vatnslitum/skissubók í viku 41 10% fyrra sjálfsmat á miðri önn 5%
seinni lota vika 43-50	áhorf á fræðsluþætti og skrifleg verkefni sjálfstæð vinna með vatnsliti/skissubók, samræður um námsefnið, annarlök í viku 49	engin heimavinna	krossapróf 2 10% seinni skil á skrifl. verkefnum í viku 49 10% seinni skil á skissubók í viku 49 10% seinna sjálfsmat á miðri önn 5%

### Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
þekking/leikni/hæfni	Jákvæðni og ástundun skv. matslista (símat) í hverri viku.		10%
þekking/leikni/hæfni	Sköpunar- og vinnugleði, skv. matslista (símat) í hverri viku.		10%
þekking/leikni/hæfni	Sjálfstæði og frumkvæði, skv. matslista (símat) í hverri viku.		10%
þekking/leikni/hæfni	2 krossapróf úr heimsóknum og fræðsluþáttum, 10% hvort		20%
þekking/leikni/hæfni	10 skrifleg verkefni úr heimsóknum/fræðsluþáttum, 2% hvert		20%
þekking/leikni/hæfni	Skil á myndverkum/skissum, lágmark. 10 verk. Nemandi velur sjálfur hvaða 10 verk hann leggur fram og útskýrir. 2% fyrir hvert		20%
þekking/leikni/hæfni	Sjálfsmat skv. matslista, skilað munnlega eða skriflega 2x á önn.		10%
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>
<b>Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.</b>			
<b>Annað:</b>			

### Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.

Hugsanlega geta sóttvarnaraðgerðir sett strik í reikninginn varðandi heimsóknir út í bæ.

Dagsetning: 16. ágúst 2021

Svanhildur Daniëlsdóttir

Undirritun kennara

Brundis Inda St.

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

<b>Kennari</b>	Svanhildur Daníelsdóttir	<b>Sk.st.</b>	SVA
----------------	--------------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Áfanginn er einstaklings miðaður, hver og einn er á sínum forsendum. Markmiðið er að nemendur kynnist fjölbreyttum aðferðum sem notaðar eru við listsköpun og að þeir geti leitað fanga í ýmsum hugmynda bönkum s.s. í blöðum, bókum og á veraldarvefnum. Lögð verður áhersla á gagnrýna og skapandi hugsun með samræðum um verk og aðferðir listamanna sem og um verk nemenda.

### Markmið:

**Þekking:** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi aðferðum við listsköpun
- mismunandi áhöldum og efnivið
- hvar á að leita að hugmyndum og leiðbeiningum

**Leikni:** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota viðeigandi áhöld
- vinna verk með fjölbreyttum aðferðum
- vinna verk úr fjölbreyttum efnum

**Hæfni:** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- takast sjálfstætt á við skapandi verkefni
- nýta tómstundir sér til gagns og ánægju
- nýta og tengja þekkingu sína við daglegt líf
- sækja sér viðbótar þekkingu t.d. stök námskeið

### Námsgögn:

Nemendur þurfa að eiga og hafa meðferðis góða fíngerða teiknipenna/tússliti, einkum svarta Artline í tveimur breiddum t.d. 0.5 og 0.8 og gott er líka að eiga nokkra í lit. Einnig er gott að eiga sirkil (hringfara) blýanta og strokleður. Nemendur þurfa líka að kaupa sér litla skissubók eða teikniblokk að eigin vali (ekki stærri en A4) og hafa meðferðis í öllum kennslustundum (fást í bókabúðunum og stundum í Tiger). Snjallsími og heymartól eru nauðsynleg. Þá verður unnið með vatnsliti en nemendur fá vatnslitapappír, pensla og vatnsliti í skólanum.

### Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Um helmingur af kennslustundum á önninni verður nýttur til þess að heimsækja ólíka listamenn, vinnustofur og söfn út í bæ og vinna stutt skrifleg verkefni um hverja heimsókn. Einnig verða kynntir (með áhorfi á þætti) nokkrir ólíkir en vel þekktir íslenskir samtímalistamenn og verk þeirra, sem og nokkur af gömlum þekktustu listaverkum heims.

Inn á milli vinna nemendur sjálfstætt að eigin verkum sem á þessari önn verða teikningar á vatnslitaðan bakgrunn, sem og mandölur, mynstur og teikningar í skissubækur.

Í kennslustundum er sérstök áhersla lögð á afslappað andrúmsloft, kyrrð og vellíðan.